# LAUFÁS í Ásahreppi
## Deiliskipulag landspildu




Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000




Skýringaruppdráttur í mkv. 1:4.000




Aðalskipulag Ásahrepps 2010 - 2022 m.s.br.
í mkv. 1:50.000

### GREINARGERÐ

**1. INNGANGUR**

**Skipulagssvæðið**
Deiliskipulagið tekur yfir Laufás í Ásahreppi, landnr. 201664. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir hesthús. Í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Kortagrunnar**
Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Mörk lóða eru dregin samkvæmt staðfestu lóðablaði sem unnið var af Landmótun, dagsett 26. maí 2004.

**Skipulagsgögn**
i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000 sem sýnir staðsetningu byggingarreita og aðkomuvegar.
ii. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:5.000 sem sýnir afstöðu til aðliggjandi landspildna.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagsuppdrætti Ásahrepps 2010-2022.

**Fornminjar**
Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

**2. LÝSING DEILISKIPULAGS**

**Skipulagssvæði**
Skipulagssvæðið liggur sunnan við Ásveg (nr. 275). Svæðið er nær flatt og hefur verið nýtt til beitar. Laufás liggur að sveitarfélagamörkum Ásahrepps og Rangárþings ytra að austanverðu.

**Aðkoma**
Aðkoma er af Suðurlandsvegi við Landvegamót, um Ásveg (nr. 275) og Laufásveg nr. 2756.

**Byggingar**
Á lóðinni er 147,6 m² íbúðarhús (fnr. F2304675).
Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 150 m² hesthús. Mænishæð getur verið allt að 6 m miðað við gólfhæð húss, sem er að jafnaði um 0,2 - 0,5 m yfir jarðvegsyfirborði. Mænisstefna og staðsetning nýrrar byggingar innan byggingarreits er frjáls en gæta skal að innbyrðis samræmi. Efnisval skal vera vandað og vanda skal frágang byggingar og bílastæðis.

**Veitur**
Gert er ráð fyrir að byggingin tengist dreifikerfi RARIK og vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra. Frárennsli verður leitt í núverandi hreinsivirki, frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

**3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**

**Hönnun og uppdrættir**
Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

**4. UMHVERFISÁHRIF**
Byggingar og vegagerð hafa óhjákvæmilega áhrif á náttúru vegna jarðrasks en áhrifin eru staðbundin og í nálægð við áður raskað svæði s.s. vegna vegagerðar og húsbygginga. Landslag og ásýnd breytist einnig með tilkomu nýrrar byggingar en vegna nálægðar við núverandi byggingu eru áhrif á ásýnd metin óveruleg. Lágmarka má áhrifin m.a. með því að taka mið af umhverfinu við litaval og forðast áberandi útilýsingu.

---

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann ____________

f.h. Ásahrepps

_____________________________________

Tillagan var auglýst frá _______ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _________

KORTAGRUNNAR
Loftmynd frá Loftmyndum ehf. IS50v frá Landmælingum. Hnit eru í ISN93.

---

# LAUFÁS Í ÁSAHREPPI

## Deiliskipulag

| EFLA | Verk: 7543-001 | Dags: 29.06.2018 |
|---|---|---|
| | Mkv. 1:2.000 í A3 | Breytt: |
| | Unnið: GLS | Rýnt: |
| | Samþykkt: | TILLAGA |